

## AUGLÝSING

### um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembættis og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

#### „STARFSREGLUR

#### um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembættis og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

##### 1. gr.

I. flokkur liður a) í 3. gr. orðist svo:

- a) Embætti sóknarpresta og presta með eina sókn eða fleiri og þar sem tveir eða fleiri prestar starfa saman í prestakalli.

II. flokkur liður a) í 3. gr. orðist svo:

- a) Embætti sóknarprests á höfuðborgarsvæðinu sem starfar einn og með fleiri en eina sókn.

III. flokkur liður a) í 3. gr. orðist svo:

- a) Embætti sóknarpresta og presta í dreifbýli með tvær sóknir eða fleiri og þar sem sóknir hafa verið sameinaðar og messuskylda helst.

IV. flokkur liður b) í 3. gr. orðist svo:

- b) Embætti sem tekið hafa við viðbótarþjónustu við sameiningu prestakalla. Ef prestakall sameinast fleiri en einu prestakalli skal meta hlutfall af mismuni frá þeim flokki sem viðkomandi prestur var í til IV. flokks í samræmi við fjölda íbúa í sóknunum. Þetta á ekki við þar sem tveir eða fleiri prestar þjóna.

##### 2. gr.

Við 5. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:

Heimilt er að sækja um undanþágu frá föstum mánaðarlegum akstursgreiðslum og fá í stað þess greiddan akstur samkvæmt akstursdagbók sem prófastur staðfestir mánaðarlega. Til að geta sótt um slíkt þarf að leggja fram akstursdagbók vegna þriggja mánaða aksturs í þágu prestakallsins. Biskupsstofa metur þörf viðkomandi prests á því að fá þessa undanþágu. Endurskoða þarf undanþáguna árlega. Greiðslur skv. akstursdagbók geta aldrei orðið hærri en hámarksfjárhæð skv. IV. flokki. Prestur sem hyggst sækja um undanþágu skal tilkynna það prófasti.

##### 3. gr.

*Gildistaka.*

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2011.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 25. nóvember 2010.*

**Pétur Kr. Hafstein**, forseti kirkjuþings.“

*F.h. kirkjuráðs, 25. nóvember 2010,*

**Guðmundur Þór Guðmundsson**, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.